



920. fundur stjórnar GSÍ 18.11.2019 kl.12:00 haldinn í fundarsal D hjá ÍSÍ.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Eggert Á. Sverrisson, Hansína Þorkeldsdóttir, Hulda Bjarnadóttir á fjarfundarbúnaði, Jón B. Stefánsson, Bergsteinn Hjörleifsson, Kristín Guðmundsdóttir, Jón S. Árnason á fjarfundarbúnaði og Brynjar Eldon Geirsson sem ritaði fundinn.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 919. fundar var samþykkt og undirrituð.

2. Fjárhagsáætlun 2020-2021

Gjaldkeri GSÍ Kristín Guðmundsdóttir fór yfir áætlun 2020-2021 og svaraði fyrirspurningum varðandi framsetningu. Að lokinni kynningu og umræðum var fjárhagsáætlun borin upp fyrir stjórn til samþykktar. Fjárhagsáætlun 2020-2021 var samþykkt einróma en fyrir fundinn höfðu Gunnar Gunnarsson, Hörður Geirsson og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir samþykkt áætlunina fyrir sitt leyti. Verður áætlunin nú send út til aðildarfélagana ásamt öðrum þinggögnum fyrir Golfþing.

3. Embætti forseta EGA

Haukur gerði grein fyrir ársþingi Evrópska golfsambandsins, sem fram fór í Chantilly í Frakklandi dagana 14.-16. nóvember sl. Á þinginu var Haukur kjörinn forseti EGA og mun hann gegna embættinu í tvö ár en svo mun hann gegna embætti fyrrum forseta (past president) næstu tvö ár. Stjórnarfolk lýst yfir mikilli ánægju með kjörið og framtíðarstörf Hauks á vettvangi EGA og mikilvægi þeirra fyrir framtíð íþróttarinnar á Íslandi. Með vísan til fyrri ákvörðunar stjórnar og umræðna um málefni EGA, m.a. á stjórnarfundi dagana 19.-20. apríl 2018, var samþykki stjórnar, þess efnis að GSÍ beri kostnað vegna forsetastarfa Hauks hjá EGA, ítrekað.

4. Heiðranir á Golfþingi

Tilnefndur hefur verið Helgi Viggósson af Golfklúbbi Reykjavíkur til nafnbótarinnar "Sjálfbóðaliði ársins 2019". Að lokinni umræðu samþykkti stjórn GSÍ að veita Helga viðurkenninguna á næsta Golfþingi.

Ekki voru fleiri mál tekin fyrir og fundi slitið kl.13.30